

Nd.

874. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 32 19. júní 1933, um tilbúning og verzlun með smjörliki o. fl.

(Eftir 3. umr. i Ed.).

6. gr. laganna orðist svo:

Allt smjörliki, sem framleitt er hér á landi, skal bæta með A- og D-fjörefnum á þann hátt, sem fyrir verður mælt af ráðherra, að fengnum tillögum rannsóknarstofu háskólans, og ekki á annan hátt.

Atvinnumálaráðherra getur, eftir tillögum mjólkursölunefndar, ákveðið, að í öllu smjörliki, sem framleitt er hér á landi, sé tiltekinn hundraðshluti af íslenzku smjöri. Skylt er að blanda erlent smjörliki, sem selt er hér á landi, sama hundraðshluta af íslenzku smjöri og ákveðið er um innlent smjörliki á sama tíma. Skal sú blöndun fara fram hér á landi og undir sama eftirliti sem íslenzku smjörlikisgerðirnar eru háðar. Áður en ráðherra hefir fyrirskipað með auglýsingu um blöndun smjörlikis með smjöri, má ekki verzla með smjörliki blandað smjöri, og eftir að slík auglýsing hefir verið birt, má ekki verzla með smjörliki blandað smjöri í öðrum hlutföllum né á annan hátt en fyrir er mælt í auglýsingu.

Atvinnumálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmdir ákvæða þessarar greinar, eftir því sem þurfa þykir.